# Nýtt launakerfi

## Skýringar og dæmi

Við lok kjaraviðræðna Félags framhaldsskólakennara og fjármálaráðherra við gerð síðustu kjarasamninga aðila voru undirritaðir beðnir um það af samningsaðilum að máta og meta hugmyndir samningsaðila um nýtt launakerfi sem byggði á stofnanasamningum og styddist við nýja launatöflu. Við mátun á kerfinu var öllum kennurum við Menntaskólann við Sund og Fjölbrautaskóla Suðurlands varpað úr núverandi launakerfi yfir í nýtt stofnanakerfi sem útfært var af okkur en tók mið af samningsdrögum sem þá voru á lokastigi.

Forsendur vörpunnar SSV og MV úr núverandi launakerfi yfir í nýtt kerfi sem taka á gildi 1. maí 2006 voru þær að kanna hvort ákvæði samnings Félags framhaldsskólakennara og fjármálaráðherra væru þannig að hæglega væri hægt að ná markmiðum samnings með vörðun yfir í nýtt launakerfi sem byggði á stofnanasamningi.

Sérstaklega var horft á eftirtalda þætti þegar kerfið var prófað:

- Kostnað stofnunnar við vörpun
- Launabreytingar og launadreifingu, þ.á.m kynbundna dreifingu launa
- Sveigjanleika kerfisins
- Möguleika á launaþróun innan stofnunnar að vörpun lokinni

MV/SS 17.03.2005
Forsendur röðunar MS/FSU-kerfisins:

## *Lóðréttar færslur:*

K1: Byrjandi með háskólapróf eða sambærilegt
- 02 grunnur
- +1 kennsluréttindi
- +1 tvö ár eða meira í K1
- +1 viðb.orlofsfl. vegna lífaldurs v. sölu kennsluskyldu

K2: 6 ára kennsluferill:
- 04 grunnur (skv. samningi)
- +1 kennsluréttindi
- +1 tvö ár eða meira í K2
- +1 viðb.orlofsfl. vegna lífaldurs v. sölu kennsluskyldu

K3: 15 ára kennsluferill:
- 07 grunnur (skv. samningi)
- +1 kennsluréttindi (skv. samningi)
- +1 tvö ár eða meira í K3 (byrjar að telja eftir 2 ár, þ.e. 2006)

eða

12 ára kennsluferill ef viðkomandi er jafnframt með viðbótarröðun (ábyrgð/árangur) *
- 07 grunnur (skv. samningi)
- +1 kennsluréttindi (skv. samningi)
- +1 tvö ár eða meira í K3 (byrjar að telja eftir 2 ár, þ.e. 2006)

## *Láréttar færslur:*

Forsendur:
- Viðbótarmenntun
- Sérverkefni
- Árangurstenging

Útfærsla:

Viðbótarmenntun:
- BA/BS120 +1 lárétt
- MA/MS +2 lárétt
- Dr/PhD +3 lárétt

þ.e. mest 3 færslur lárétt vegna viðbótarmenntunar

Sérverkefni:
Fjöldi láréttra færslna jafnmargar fjölda launaflokka í eldra kerfi

Árangurstenging:
Fjöldi láréttra færslna jafnmargar fjölda launaflokka í eldra kerfi

*** Skýring:**
Gerum ráð fyrir að áhrif vegna fyrri ábyrgðarstarfa/árangurs geti einungis gætt aftur til 2001, en þau höfum við ekki kostnaðarmetið eða útfært (þar kemur einhver viðbótarkostnaður).

Leiðbeinendur fara ekki hærra en í K2, þrátt fyrir langan kennsluferil og/eða ábyrgð/árangur. 15 ára kennsluferill virkar þó sem viðbótarflokkur lóðrétt.

Ef lárétt færsla í nýju kerfi er fullnýtt má kippa viðkomandi um eitt þrep til vinstri og láta hann síga um einn flokk lóðrétt

## *Helstu gögn og upplýsingar sem þurfa að vera til staðar fyrir vörpun*

Tafla 1 sýnir skráningu upplýsinga í eldra kerfi. Helstu upplýsingar: Starfshlutfall, formleg menntun, föst röðun svo sem menntunarröðun, kennsluferilsröðun og röðun vegna sölu á kennsluafslætti. Þá er sýnd tímabundin röðun (verkefnisstjórn og röðun vegna árangurs í starfi). Starfsheiti, orlofslykill og kennsluskylda eru einnig skráð.

| Nafn | Kennitala | Ráðningar- hlutfall | Prófgráða | Menntunarröðun | Kennsluferilsröðun | Kennsluafsláttur | Verkefnisstjórn | Mat á kennslu | Föst röðun | Endanleg röðun | Starfs- heiti | Orl rofi | Ráðn rofi | Starfsaldurs- og orlofslykill | Hámarks kennslu skylda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 100,00 | BA, Lbr. | B04-2 | | | | | B04-2 | B04-2 | framhaldsskólak | 1 | 6 | 00-00 | 24,0 |
| | | 100,00 | BA.Lbr. | B04-4 | B07-4 | B09-4 | B10-4 | B11-4 | B09-4 | B11-4 | fagstjóri | 7 | 6 | 10-47 | 24,0 |
| | | 100,00 | Dr. Lbr. | B06-5 | B09-5 | B12-5 | B14-5 | B16-5 | B12-5 | B16-5 | sviðstjóri | 7 | 2 | 55-47 | 23,0 |
| | | 100,00 | BA. | B02-5 | B04-5 | | | | B04-5 | B04-5 | leiðbeinandi | 7 | 8 | 00-00 | 24,0 |
| | | 50,00 | BA.Lbr. | B04-5 | B07-5 | B09-5 | B10-5 | | B09-5 | B10-5 | fagstjóri | 4 | 6 | 00-47 | 24,0 |
| | | 100,00 | MA. Lbr. | B06-5 | B09-5 | B12-5 | B13-5 | B14-5 | B12-5 | B14-5 | fagstjóri | 7 | 2 | 60-47 | 19,0 |
| | | 67,00 | Dr. Lbr. | B06-5 | B08-5 | | | B10-5 | B08-5 | B10-5 | framhaldsskólak | 4 | 6 | 00-47 | 24,0 |
| | | 50,00 | MS. | B04-1 | | | | | B04-1 | B04-1 | leiðbeinandi | 1 | 8 | 00-00 | 24,0 |
| | | 58,00 | MA. | B04-5 | B05-5 | | | | B04-5 | B04-5 | leiðbeinandi | 7 | 8 | 55-47 | 23,0 |
| | | 100,00 | BA. Lbr. | B04-5 | B07-5 | B10-5 | | | B10-5 | B10-5 | framhaldsskólak | 7 | 6 | 15-47 | 24,0 |
| | | 100,00 | BA.Lbr. | B04-5 | B07-5 | B10-5 | B11-5 | | B10-5 | B11-5 | fagstjóri | 7 | 6 | 60-47 | 19,0 |
| | | 100,00 | Kpr. Lbr. | B03-5 | B06-5 | B09-5 | B10-5 | | B09-5 | B10-5 | fagstjóri | 7 | 2 | 15-47 | 24,0 |
| | | 100,00 | MA.Lbr. | B06-5 | B09-5 | B12-5 | | B13-5 | B12-5 | B13-5 | framhaldsskólak | 7 | 2 | 55-47 | 23,0 |
| | | 100,00 | BA120. Lbr. | B05-5 | B08-5 | B11-5 | | | B11-5 | B11-5 | framhaldsskólak | 7 | 6 | 15-47 | 24,0 |
| | | 100,00 | MS.Lbr. | B06-5 | B08-5 | | | | B08-5 | B08-5 | framhaldsskólak | 7 | 6 | 60-48 | 17,0 |
| | | 100,00 | BS 120. Lbr. | B05-5 | B08-5 | B11-5 | B12-5 | | B11-5 | B12-5 | framhaldsskólak | 7 | 6 | 55-47 | 23,0 |
| | | 100,00 | BA.Lbr. | B04-2 | B05-2 | | | | B05-2 | B05-2 | framhaldsskólak | 4 | 6 | 00-00 | 24,0 |
| | | 100,00 | BS. Lbr. | B04-5 | B07-5 | B08-5 | B09-5 | B11-5 | B08-5 | B11-5 | fagstjóri | 7 | 6 | 15-47 | 24,0 |
| | | 25,00 | BS. | B01-1 | | | | | B01-1 | B01-1 | leiðbeinandi | 1 | 8 | 00-00 | 24,0 |
| | | 100,00 | Kpr. Lbr. | B03-5 | B06-5 | B09-5 | B11-5 | B12-5 | B09-5 | B12-5 | sviðstjóri | 7 | 2 | 55-47 | 23,0 |

**Tafla 1.** Skráning kennara í eldra kerfinu, föst- og tímabundin röðun.

| Launa- flokkur | Mán laun / tímakaup | Uppfærð laun í gamla þegar nytt tekur við |
|---|---|---|
| 27 | 194.562,00 | 216.547,51 |
| 43 | 246.898,00 | 274.797,47 |
| 54 | 290.834,00 | 323.698,24 |
| 30 | 203.449,00 | 226.438,74 |
| 42 | 243.249,00 | 270.736,14 |
| 50 | 274.019,00 | 304.983,15 |
| 42 | 243.249,00 | 270.736,14 |
| 26 | 191.687,00 | 213.347,63 |
| 30 | 203.449,00 | 226.438,74 |
| 42 | 243.249,00 | 270.736,14 |
| 44 | 250.601,00 | 278.918,91 |
| 42 | 243.249,00 | 270.736,14 |
| 48 | 265.979,00 | 296.034,63 |
| 44 | 250.601,00 | 278.918,91 |
| 38 | 229.185,00 | 255.082,91 |
| 46 | 258.175,00 | 287.348,78 |
| 29 | 200.442,00 | 223.091,95 |
| 44 | 250.601,00 | 278.918,91 |
| 20 | 175.305,00 | 195.114,47 |
| 46 | 258.175,00 | 287.348,78 |

Fyrri dálkur sýnir “núverandi” laun en sá síðari laun 1. maí 2005. Laun í gamla kerfinu eru uppfærð í samræmi við umsamdar launahækkanir í miðlægum

Í töflu 2 eru núverandi dagvinnulaun kennara uppfærð í samræmi við gildandi kjarasamning KÍ og fjármálaráðherra. Þetta er nauðsynlegt til þess að hægt sé að kostnaðarmeta vörpun yfir í nýtt launakerfi.

**Tafla 2.** Laun í eldra kerfi uppfærð miðað við 1. maí 2006.

## Dæmi 1. K3 röðun

Framhaldsskólakennari með BA og UK. Er hvorki með sérstaka verkefnisstjórn né aðra tímabundna viðbótarröðun. Röðun hans í eldra kerfi er:

| Ráðningar- hlutfall | Prófgráða | Menntunarröðun | Kennsluferilsröðun | Kennsluafsláttur | Verkefnisstjórn | Mat á kennslu | Föst röðun | Endanleg röðun | Starfs- heiti | Orl rofi | Ráðn rofi | Starfsaldurs- og orlofslykill | Hámarks kennslu skylda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 100,00 | BA. Lbr. | B04-5 | B07-5 | B10-5 | | | B10-5 | B10-5 | framhaldsskóla | 7 | 6 | 15-47 | 24,0 |

Þessi einstaklingur hefur menntunarröðun (próf + UK) í BO4-5. Hann fær þrjá launaflokka á grundvelli kennsluferils (grein 1.3.2.2) og þar sem hann hefur kosið að falla frá kennsluafslætti (grein 1.3.2.4) fær hann þrjá launaflokka til viðbótar (>15 ára kennsluferill á grunn- eða framhaldsskólastigi).

Í nýju launakerfi raðast hann á eftirfarandi hátt:

| K3 | 080 | 281.420,00 | 1,04 |
|---|---|---|---|

K3: 15 ára kennsluferill:
07 grunnur (skv. samningi)
+1 kennsluréttindi (skv. samningi)

Kennarinn er með 15 ára eða lengri starfsreynslu og uppfyllir því skilyrði fyrir röðun í K3 sbr. skýringu fyrir lóðréttum færslum og fer þar í 07 sem grunn og fær lóðrétt sig um einn flokk en uppfyllir ekki skilyrði fyrir láréttum færslum. Hann varpast því yfir í 080. Mánaðarlaun hans í lok eldra kerfis verða um 270.736 kr. en eftir vörpunina verða þau 281.420 kr. Hækkun um 4%.

## Dæmi 2. K3 röðun

Framhaldsskólakennari með BA og UK. Er með einn launaflokk vegna sérstakrar verkefnisstjórnar (tímabundin ráðning) og fær annan launaflokk tímabundið vegna góðrar niðurstöðu úr nemendamati. Röðun hans í eldra kerfi er:

| Ráðningar- hlutfall | Prófgráða | Menntunarröðun | Kennsluferilsröðun | Kennsluafsláttur | Verkefnisstjórn | Mat á kennslu | Föst röðun | Endanleg röðun | Starfs- heiti | Orl rofi | Ráðn rofi | Starfsaldurs- og orlofslykill | Hámarks kennslu skylda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 100,00 | BA.Lbr. | B04-4 | B07-4 | B09-4 | B10-4 | B11-4 | B09-4 | B11-4 | fagstjóri | 7 | 6 | 10-47 | 24,0 |

Þessi einstaklingur hefur menntunarröðun (próf + UK) í BO4-5. Hann fær þrjá launaflokka á grundvelli kennsluferils (grein 1.3.2.2) og þar sem hann hefur kosið að falla frá kennsluafslætti (grein 1.3.2.4) fær hann tvo launaflokka til viðbótar (>12 ára kennsluferill á grunn- eða framhaldsskólastigi). Föst röðun hans er því B09-4. En endanleg röðun hans er B11-4 (tímabundnir launaflokkar vegna fagstjórnunar og niðurstöðu úr nemendamati).

Í nýju launakerfi raðast hann á eftirfarandi hátt:

| K3 | 082 | 295.491,00 | 1,08 |
|---|---|---|---|

K3: 12 ára kennsluferill auk sérstakrar ábyrgðar eða /árangurs Röðun 07 grunnur (skv. samningi)
+1 kennsluréttindi (lóðrétt sig)
Lárétt færsla: Tvö þrep vegna fagstjórnar og

Mánaðarlaun hans í lok eldra kerfis verða 274.797 kr. Mánaðarlaun í nýju kerfi verða 295.491 kr. og

hækka því um 8% við vörpunina. Þegar tímabundnir launaflokkar falla úr gildi (1.8.2006) verður röðun hans K3 080.

## Dæmi 3. K3 röðun

Framhaldsskólakennari með viðbótarmenntun +UK og langa starfsreynslu. Hann er með sérstaka verkefnisstjórn (tímabundin ráðning) auk þess sem hann fær tímabundið tvo launaflokka á grundvelli samninga um viðbótarlaun. Röðun hans í eldra kerfi er:

| Ráðningar- hlutfall | Prófgráða | Menntunarröðun | Kennsluferilsröðun | Kennsluafsláttur | Verkefnisstjórn | Mat á kennslu | Föst röðun | Endanleg röðun | Starfs- heiti | Orl rofi | Ráðn rofi | Starfsaldurs- og orlofslykill | Hámarks kennslu skylda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 100,00 | Dr. Lbr. | B06-5 | B09-5 | B12-5 | B14-5 | B16-5 | B12-5 | B16-5 | sviðstjóri | 7 | 2 | 55-47 | 23,0 |

Menntundarröðun hans er B06-5. (DR+UK) hann fær þrjá launaflokka á grundvelli greinar 1.3.2.2. og þrjá launaflokka að auki fyrir sölu á kennsluafslætti. Föst röðun hans er því B12-5. Kennarinn er sviðstjóri (tímabundin ráðning) og fær hann tvo launaflokka fyrir að gegna því starfi. Þá fær hann tvo launaflokka á grundvelli samkomulags samstarfsnefndar MS og kennara (einnig tímabundin röðun) og endanleg röðun hans í eldra kerfinu er því B16-5.

Í nýju launkerfi raðast hann á eftirfarandi hátt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| K3 | 087 | 330.669,00 | 1,02 |

Þessi kennari uppfyllir skilyrði fyrir K3 röðun og grunnraðast þar í 070. Hann sígur niður í 080 á grundvelli kennsluréttinda. Í forsendum fyrir láréttar færslur í kerfinu eru ákvæði um viðbótarmenntun, sérverkefni og árangurstengingu launa.

Kennarinn skautar til hliðar um þrjú hlið á grundvelli menntunar (röðun 083). Hann fer enn til hliðar um tvö bil til viðbótar (085) á grundvelli tímabundinnar faglegrar stjórnunnar (sviðstjórn) og að lokum rennur hann í bil 7 (087) þar sem hann nýtur tímabundinnar röðunnar á grundvelli samkomulags samstarfsnefndar MS og kennara. Laun hans í eldra kerfinu fyrir vörpun verða 323.698 kr. en mánaðarlaun hans í nýja kerfinu eftir vörpun verða 330.669 kr og hækka því um 2%.

Þegar tímabundinni ráðningu sem sviðstjóri og tímabundinni viðbótarröðun á grundvelli samkomulags samstarfsnefndar MS og kennara lýkur verður röðun hans 083.

K3: 15 ára kennsluferill:
07 grunnur (skv. samningi)
+1 kennsluréttindi
Láréttar færslur:
Forsendur:
Viðbótarmenntun
Sérverkefni
Árangurstenging
Útfærsla:
Viðbótarmenntun:
BA/BS120 +1 lárétt
MA/MS +2 lárétt
Dr/PhD +3 lárétt

þ.e. mest 3 færslur lárétt vegna viðbótarmenntunar

Sérverkefni:
Fjöldi láréttra færslna jafnmargar fjölda launaflokka í eldra kerfi

Árangurstenging:
Fjöldi láréttra færslna jafnmargar

## Dæmi 4. K3 röðun

Framhaldsskólakennari með gamalt kennarapróf og kennsluréttindi. Hefur langa starfsreynslu (>15 ár). Hann er ekki með sérstaka verkefnisstjórn á höndum. Röðun hans í eldra kerfi er:

| Ráðningar- hlutfall | Prófgráða | Menntunarröðun | Kennsluferilsröðun | Kennsluafsláttur | Verkefnisstjórn | Mat á kennslu | Föst röðun | Endanleg röðun | Starfs- heiti | Orl rofi | Ráðn rofi | Starfsaldurs- og orlofslykill | Hámarks kennslu skylda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 40,00 | Kpr.Lbr. | B03-5 | B06-5 | B09-5 | | | B09-5 | B09-5 | framhaldsskóla | 7 | 6 | 15-47 | 24,0 |

Röðun hans í eldra kerfi er þannig að menntunarröðun hans er B03-5 (B01-5 + 2 lfl.). Þá fær hann 3 launaflokka á grundvelli greinar 1.3.2.2 og þar sem hann hefur kosið að falla frá kennsluafslætti (grein 1.3.2.4) fær hann þrjá launaflokka til viðbótar (>15 ára kennsluferill á grunn- eða framhaldsskólastigi). Föst röðun hans er því B09-5.

Í nýju launkerfi raðast hann á eftirfarandi hátt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| K3 | 080 | 281.420,00 | 1,07 |

K3: 15 ára kennsluferill: 07 grunnur (skv. samningi)

Mánaðarlaun hans í lok eldra kerfis verða 262.792kr. Í nýju kerfi er skorinn af einn launaflokkur. Mánaðarlaun í nýju kerfi verða því 281.420 kr. og hækka því um 7% við vörpunina.

## Dæmi 5. K2 röðun

Leiðbeinandi með fagmenntun (BA gráðu) og nokkra kennslureynslu. Hann er ekki með sérstaka verkefnisstjórn á höndum. Röðun hans í eldra kerfi er:

| Ráðningar- hlutfall | Prófgráða | Menntunarröðun | Kennsluferilsröðun | Kennsluafsláttur | Verkefnisstjórn | Mat á kennslu | Föst röðun | Endanleg röðun | Starfs- heiti | Orl rofi | Ráðn rofi | Starfsaldurs- og orlofslykill | Hámarks kennslu skylda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 100,00 | BA. | B02-5 | B04-5 | | | | B04-5 | B04-5 | leiðbeinandi | 7 | 8 | 00-00 | 24,0 |

Menntunarröðun hans í eldra kerfi er B02-5. Hann raðast tveimur launaflokkum ofar á grundvelli kennslureynslu (grein 1.3.2.2.) og föst röðun hans er því B04-5. Í maí 2006 verður kennslureynsla hans orðin 6 ár.

Í nýju launkerfi raðast hann á eftirfarandi hátt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| K2 | 040 | 231.525,00 | 1,02 |

Mánaðarlaun hans í lok eldra kerfis verða 226.438 kr. Mánaðarlaun í nýju kerfi verða 231.525 kr. og hækka því um 2% við vörpunina.

K2: 6 ára kennsluferill: 04 grunnur (skv. samningi)

## Dæmi 6. K2 röðun

Kennari með BS +UK og nokkra kennslureynslu. Hann gegnir tímabundið stöðu fagstjóra og fær að auki úthlutað tímabundið tveimur launaflokkum á grundvelli samkomulags MS og kennara um viðbótarlaun.

| Ráðningar- hlutfall | Prófgráða | Menntunarröðun | Kennsluferilsröðun | Kennsluafsláttur | Verkefnisstjórn | Mat á kennslu | Föst röðun | Endanleg röðun | Starfs- heiti | Orl rofi | Ráðn rofi | Starfsaldurs- og orlofslykill | Hámarks kennslu skylda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 100,00 | BS. Lbr. | B04-5 | B07-5 | B08-5 | B09-5 | B11-5 | B08-5 | B11-5 | fagstjóri | 7 | 6 | 15-47 | 24,0 |

Menntunarröðun hans er B04-5 (B02-5 + 2 lfl. fyrir UK), þá fær hann þrjá launaflokka á grundvelli kennslureynslu (grein 1.3.2.2.) og að auki fær viðkomandi einn launaflokk fyrir sölu á kennsluafslætti (grein 1.3.2.3.) þar sem hann er með >9 ára kennsluferil. Föst röðun hans er því B08-5. Kennarinn er með einn launaflokk fyrir að gegna tímabundið starfi fagstjóra og tvo tímabundna viðbótarlaunaflokka á grundvelli samkomulags samstarfsnefndar MS og kennara. Endanleg röðun hans er því B11-5.

Í nýju launkerfi raðast hann á eftirfarandi hátt:

?

| | | | |
|---|---|---|---|
| K2 | 063 | 274.401,00 | 0,98 |

K2: 6 ára kennsluferill:
04 grunnur (skv. samningi)
+1 kennsluréttindi
+1 viðb.orlofsfl.

## Dæmi 7. K1 röðun

Ungur reynslulaus kennari með BS-próf en ekki kennsluréttindi.

| Ráðningar- hlutfall | Prófgráða | Menntunarröðun | Kennsluferilsröðun | Kennsluafsláttur | Verkefnisstjórn | Mat á kennslu | Föst röðun | Endanleg röðun | Starfs- heiti | Orl rofi | Ráðn rofi | Starfsaldurs- og orlofslykill | Hámarks kennslu skylda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 100,00 | BS. | B02-1 | | | | | B02-1 | B02-1 | leiðbeinandi | 1 | 8 | 00-00 | 24,0 |

Menntunarröðun hans í eldra kerfi er B02-1. Hann er ekki kominn með kennslureynslu og fær því enga launaflokka út á grien 1.3.2.2. Þá er hann ekki heldur með neina viðbótarlaunaflokka á grundvelli samkomulags samstarfsnefndar MS og kennara.

Í nýju launkerfi raðast hann á eftirfarandi hátt:

Mánaðarlaun hans í lok eldra kerfis verða 201.012kr. Mánaðarlaun í nýju kerfi verða 210.000 kr. og hækka því um 4% við vörpunina.

| | | | |
|---|---|---|---|
| K1 | 020 | 210.000,00 | 1,04 |

K1: Byrjandi með háskólapróf eða sambærilegt. Grunnur 020.